
Starfsáætlun Hrafnagilsskóla

2017-2018

Inngangur

Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, starfsáætlun sem birtir upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og skólanámskrá sem birtir almenna stefnumörkun skólans. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og skal hann semja hana í samráði við kennara og aðra starfsmenn, sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja henni. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Skólanefnd og skólaráð fjalla um skólanámskrá ár hvert. Eftir að skólaráð fær skólanámskrá til umsagnar staðfestir skólanefnd gildistöku þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Efnisyfirlit.....	2
Hrafnagilsskóli	5
Information in English	5
Reception of students	5
Starfsáætlun nemenda.....	5
Skipulag skólaársins.....	5
Viðmiðunarstundaskrá	5
Skóladagatal	6
Helstu viðburðir skólaársins	6
Starfsfólk skólans.....	6
Stjórnun	7
Próunarstarf	7
Tómstundahringekja.....	8
Valgreinar á unglíngastigi	8
Bókasafn.....	8
Markmið bókasafnsins eru meðal annars:	9
Mötuneyti.....	9
Öryggismál.....	9
Skólabílar	9
Umferðargæsla	9
Öryggistæki.....	9
Bífhjól.....	9
Gæsla	9
Tryggingar	10
Öryggisnefnd	10
Nemendaráð.....	10
Félagslíf.....	10
Á vegum félagsmiðstöðvarinnar Hyldýpis	11
Skólaferðalag 10. bekkjar	11
Fjáröfnun í ferðasjóð.....	11
Foreldrafélag	11
Foreldrasamstarf	11

Foreldrasamtöl	11
Heimasíða	12
Kynningarfundir og bekkjarfulltrúar	12
Mat á skólastarfi	12
Tölvupóstur	12
Viðtalstímar kennara	12
Vitnisburðarblöð.....	12
Hagnýtar upplýsingar	12
Skólaakstur	12
Upplýsingasími.....	12
Frístund.....	13
Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum	13
Farsímanotkun.....	14
Símtöl.....	14
Heimsóknir eftir skóla.....	14
Fatnaður og óskilamunir.....	14
Forföll kennara	14
Forföll nemenda	14
Nesti.....	14
Opnun skóla.....	15
Óveður eða ófærð	15
Námsgögn og skólabækur	15
Skólahúsnæði	15
Skólalóð	15
Skrifstofa.....	15
Útivist og klæðnaður	15
Heilsugæsla.....	15
Móttöku- og tilfærsluáætlun	16
Rýmingaráætlun	16
Samstarfsaðilar	16
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	16
Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar	16
Ungmennafélagið Samherjar.....	16
Leikskólinn Krummakot	17

Framhaldsskólar	17
Aðrir samstarfsaðilar	17
Sérfræðiþjónusta	17
Símenntunaráætlun.....	18
Skólaárið 2017 – 2018	18
Skólanefnd	19
Skólaráð	19
Áætlun um innra mat	19
I hluti – Starfshættir og stjórnun	20
II hluti – Nám og líðan	20
III hluti – Skólanámskrá og mat á skólastarfi	20

Hrafnagilsskóli

Hrafnagilsskóli er einn af fjölmennustu skólum sem starfa í dreifbýli á Íslandi með 140 nemendum. Skólinn og sú aðstaða sem fyrir hendi er gerir staðinn að miðstöð sveitarfélagsins í mörgu tilliti. Þar er góð íþróttaaðstaða, aðalstöðvar Tónlistarskóla Eyjafjarðar og bókasafn Eyjafjarðarsveitar er innan skólahússins.

Við skólann starfa 23 kennarar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, iðjuþjálfari, 2 stuðningsfulltrúar, 5 skólaliðar, húsvörður, ritari, bókaforráðgjafi og hjúkrunarfræðingur í 27% stöðu. Að auki starfa 6 bílstjórar hjá Hópferðabílum Akureyrar og 3 starfsmenn við mótuneytið sem rekið er af Eyjafjarðarsveit með samningi við Valdemar Valdemarsson. Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar sjá um þaðvörslu í búningsklefum. Samanlagður fjöldi þeirra sem hér starfa bæði barna og fullorðinna er hátt í 200 manns og er skólinn langfjölmennasti vinnustaður sveitarfélagsins.

Information in English

Hrafnagilsskóli is a small school in north regional Iceland. The school has 140 pupils in grades 1-10 and approximately 39 staff members. The children come from a variety of different backgrounds, including farming and business. They live either at a farm, houses in the countryside or in a small neighbourhood situated near the school. Hrafnagilsskóli is a public school and the staff takes pride in giving every pupil a chance to learn as best suits them.

Hrafnagilsskóli has already received the Icelandic teaching award for outstanding methods and the green flag environmental award. Today the emphasis is on the outdoor education, sustainability and health strengthening of both the pupils and the staff, both mentally and physically. The school area offers a great possibility for outdoor learning. There is a river nearby, mountains and a wooden area where there is, for example, a fireplace, shed, and footpath. All pupils get an opportunity to go outside and enjoy this area and learn more about nature and get a different approach to other school subjects by getting outside with their teacher. Each class gets time on their timetable to go outside and every spring the whole school works together in outside theme days where the children get the opportunity to do something different in this outstanding environment with all their school mates.

Reception of students

When new students start at the school we try to make them feel welcome and give them and their parents all necessary basic information about the school. School Administrators are responsible for the enrolment of foreign students. Parents are called for an interview along with the class teacher and an alien resident teacher, so they can get acquainted as soon as possible with the pupil and his/her parents and their background. A tour of the school is undertaken. Pupil (or pupils) from the class that the child will be attending is requested to act as superintendent during the first weeks at the school.

Starfsáætlun nemenda

Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustönn hefst 22. ágúst og lýkur fyrir jól. Vorönn stendur frá 3. janúar til loka skólaársins og síðasti skóladagur nemenda er 4. júní. Skólaslit verða 5. júní 2018.

Viðmiðunarstundaskrá

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

1. - 4. bekkur 31 kennslustund + 4 stundir í tómsundahringekju = 35 kennslust.

5. - 7. bekkur	35 kennslustundir
8. - 10. bekkur	37 kennslustundir

Miðað er við 40 mínútna kennslustundir. Í 1. - 4. bekk eru kennslustundir fimm fleiri en lágmark aðalnámskrár grunnskóla segir til um. Þessi viðbótartími er tilkominn vegna einnar kennslustundar í forskóla sem er í samvinnu við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og tómstundahringekju sem er samstarfsverkefni til að jafna aðstöðu yngstu barna til tómstundaiðkunnar.

Skóladagatal

Jólaeyfi hefst að loknum litlu jólum 20. desember og hefst vorönnin á foreldraviðtölum hjá nemendum unglíngastígs miðvikudaginn 3. janúar og venjulegum kennsludegi hjá nemendum í 1.-7. bekk sama dag. Starfsdagar eru fimm yfir starfstíma nemenda; mánudaginn 9. október, fimmtudaginn 23. nóvember, þriðjudaginn 2. janúar, mánudaginn 30. apríl og mánudaginn 5. júní. Vetrarleyfi verður í fjóra daga, 27 og 30. október á haustönn og 15. og 16. febrúar á vorönn. Miðvikudagurinn 16. nóvember er tvöfaldur vinnudagur starfsfólks en þá er haldin hátíð í skólanum eftir hádegi. Miðvikudaginn 14. febrúar vinnur starfsfólk af sér á tvöföldum sprengidegi. Síðasti kennsludagur fyrir páskaleyfi er 23. mars og hefst kennsla að nýju þriðjudaginn 3. apríl. Kennsludagar samkvæmt skóladagatali eru 180. Tíu dögum er ráðstafað til annars konar skólastarfs og gert er ráð fyrir tveimur dögum í foreldrasamtöl í skólanum.

Helstu viðburðir skólaársins

- Skólasetning 22. ágúst.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Danssýning eldri nemenda er í lok nóvember og yngri nemenda á vorönn.
- Hátíðarkvöldverður nemenda á unglíngastigi og starfsfólks 19. desember.
- Litlu jólin 20. desember.
- Árshátíðir, ein á hverju aldurstigi;
 - unglíngastig 19. janúar.
 - yngsta stig 8. febrúar.
 - miðstig 16. mars.
- Sprengidagshátíð 13. febrúar.
- Skólaslit þriðjudagskvöldið 5. júní.

Starfsfólk skólans

- Adda Bára Hreiðarsdóttir, stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund
- Anna Helga Tryggvadóttir, skólaliði
- Auðrún Aðalsteinsdóttir, enskukennari
- Árdís Eva Skaftadóttir, starfsmaður í frístund
- Björk Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
- Dagmar Þóra Sævarsdóttir, sérkennari
- Davíð Ragnar Ágústsson, húsvörður
- Dóra Hrönn Gústafsdóttir, skólaliði
- Einar Gíslason, myndmenntakennari
- Elísabet Skarphéðinsdóttir, skólaliði
- Elva Díana Davíðsdóttir, kennari í fæðingarorlofi
- Guðný Jóhannesdóttir, umsjónarkennari í 3. bekk
- Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir, kennari í hönnun og smíði

- Hafdís Unnsteinsdóttir, umsjónarkennari í 2. bekk
- Hans Rúnar Snorrason, kennari í upplýsingamennt
- Heiðar Ríkharðsson, umsjónarkennari á miðstigi og í sérdeild
- Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri
- Ingibjörg Ólafsdóttir, stuðningsfulltrúi

- Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, umsjónakennari í 4. bekk
- Jóhanna Elín Halldórsdóttir, danskennari
- Katrín Úlfarsdóttir, kennari í textílmennt
- Kristín Sigurðardóttir, umsjónarkennari í 1. bekk
- Laufey Hreiðarsdóttir, sérkennari
- Lilja Möller, iðjuþjálfari og starfsmaður í frístund
- Lísbet Patrisía Gísladóttir, kennari í fæðingarorlofi
- Margrét B. Aradóttir, umsjónarmaður bókasafns
- Margrét Svavarsdóttir, skólaliði
- María Gunnarsdóttir, tónmenntakennari
- Nanna Árný Jónsdóttir, skólaritari
- Óðinn Ásgeirsson, umsjónarkennari í 5.-7. bekk
- Ólöf Ása Benediktsdóttir, umsjónarkennari í 8. bekk
- Páll Þorgeir Pálsson, umsjónarkennari í 9. bekk
- Selma Dröfn Brynjarsdóttir, umsjónarkennari í 10. bekk
- Sigrún Rósa Kjartansdóttir, umsjónarkennari í 5.-7. bekk
- Tinna Sigurgeirsdóttir, skólaliði
- Tryggvi Jóhann Heimisson, íþróttakennari
- Þorgerður Hauksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
- Þóra Víkingsdóttir, heimilisfræðikennari

Stjórnun

Skólastjórar

Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri

Björk Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri

Skólanum er skipt á 3 stig. Á yngsta stigi eru 1. - 4. bekkur, á miðstigi 5. - 7. bekkur og unglingsstigi 8. - 10. bekkur. Stigstjóri er yfir hverju stigi og veturinn 2017 – 2018 eru stigstjórar:

- Jóhanna Dögg Stefánsdóttir á yngsta stigi
- Óðinn Ásgeirsson á miðstigi
- Ólöf Ása Benediktsdóttir á unglingsstigi.

Stigsfundir eru að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega.

Þróunarstarf

Á eftirtöldum sviðum er unnið að skipulögðu þróunarstarfi í skólanum:

- Innleiðing á nýju starfsumhverfi í mentor fyrir nemendur, foreldra og kennara.
- Lærdómssamfélagið Hrafnagilsskóli. Leiðarljós er samstarfsmenning með áherslu á nám nemenda.
- Upplýsinga- og tæknimennt og miðlanotkun. Kennarar og starfsfólk lærir að nýta tæknina til góðs í skólastarfi.

- Heilsueflandi grunnskóli. Farið er af stað með vinnu í átt að heilsueflandi grunnskóla. Leiðtogi þess starfs er Tryggvi Jóhann Heimisson. Áhersluþáttur veturinn 2017-2018 eru nemendur.
- Læsisstefna Hrafnagilsskóla. Eyjafjarðarsveit tekur þátt í þjóðaráttaki um eflingu læsis í grunnskólum landsins. Unnið er að uppfærslu á læsisstefnu skólans.
- Uppbygging í Aldísarlundi og útikennsla í nágrenni skólans.
- Jákvæður agi. Unnið er með aðferðir sem tengjast hugmyndafræði Jákvæðs aga.

Tómstundahringekja

Skóladagur nemenda á yngsta stigi er lengdur tvisvar í viku um tvær kennslustundir. Þeim stundum er varið í tómstundir. Þessir tímar kallast tómstundahringekja og er frjáls leikur, listastarf og hreyfing í forgrunni. Nemendum er skipt í aldursblandaða hópa og á mánudögum fara hóparnir í íþróttir og leiki í íþróttasal, föndur í stofu 7 og ævintýrahóp í Hjartanu og á skólalóð. Á fimmtudögum fara nemendur í kórstarf í tónmenntastofu og frjálsan leik í frístund.

Markmið með tómstundahringekjunni eru m.a.:

- Að leitast við að jafna aðstöðu barna í Eyjafjarðarsveit til íþróttá- og tómstundastarfs.
- Að auðga skóladag nemenda með uppbroti og vonandi að auka á ánægju skólabarna um leið.
- Að allir skóladagar séu jafn langir hjá yngstu nemendum eða til klukkan 14:00 og draga úr viðveru barna á heimilum án eftirlits fullorðins einstaklings.

Valgreinar á unglíngastigi

Hver nemandi á unglíngastigi þarf að skila 37 kennslustundum á viku en fastar kennslustundir á stundaskrá nemenda eru 31. Eftir standa 6 stundir á viku sem nemendur ráðstafa í valgreinar. Fyrirkomulag valgreina er með þeim hætti að hvor önn skiptist í tvær vinnulotur og nemendur velja þrjár valgreinar í hverri lotu. Hver nemandi getur því valið 12 mismunandi valgreinar á skólaárinu en sumar valgreinar er hægt að velja oftar en einu sinni. Hver valgrein er kennd tvær kennslustundir á viku og hver vinnulota stendur yfir í 8-9 vikur.

Nemendur eiga þess kost að fá félagsstarf eða nám utan skólans s.s. íþróttáæfingar, tónlistarnám, skátastarf, sveitastörf eða myndlistarnám, metið í stað einnar valgreinar. Ein valgrein samsvarar tómstundastarfi í 1-4 klukkustundir á viku alla önnina. Foreldrar bera fulla ábyrgð á því að nemandi stundi vel það tómstundastarf sem hann fær metið utan skóla og ber að tilkynna aðstoðarskólastjóra ef nemandi hættir eða sinnir því ekki sem skyldi. Skólinn greiðir ekki kostnað vegna þeirra valgreina sem stundaðar eru utan skóla.

Mikilvægt er að nemendur og foreldrar kynni sér vel þær valgreinar sem standa til boða og velji það sem nemandinn hefur áhuga á.

Skólaárið 2017 – 2018 er boðið upp á eftirfarandi valgreinar:

Bakstur, matreiðslu, vélsaum, hönnun og handverk, Legó, forritun, nýsköpun og tækni, söng og sviðsframkomu, borðtennis, badminton, útivist, boltagreinar, leiki og líkamsrækt, teygjur og slökun, kvikmyndagerð, veiðival, málun og grafík, smíðar, námsaðstoð og skartgripagerð.

Bókasafn

Bókasafn Eyjafjarðarsveitar er bæði skólabókasafn og almenningssafn. Það er opið alla morgna frá kl. 8:15 - 12:30 fyrir skólafólk en fyrir almenning frá 10:30 – 12:30. Auk þess er það opið almenningi og skóla á mánudögum frá kl. 13:00 - 16:00. Síðdegis er safnið opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 16:00 - 19:00.

Markmið bókasafnsins eru meðal annars:

- Að safnkostur sé aðgengilegur nemendum og starfsfólki skólans sem og öðrum íbúum sveitarinnar og hafi fræðslu- og uppeldislegt gildi jafnframt því að vera til skemmtunar.
- Að veita nemendum fræðslu og þjálfun í notkun safna, öflun upplýsinga og úrvinnslu þeirra.
- Að örva áhuga nemenda og annarra íbúa sveitarinnar á notkun safnefnis til fróðleiks og skemmtunar.

Nemendur í 1. - 4. bekk koma á safnið í eina kennslustund á viku og þar fá nemendur þjálfun í notkun safnsins, kynningu á safnkosti og kennslu í uppröðun og skipulagi safna. Reynt verður að tengja vinnu annarra bekkja við safnið þannig að verkleg þjálfun fái og kynning á safnefni um leið.

Mötuneyti

Valdemar Valdemarsson, matreiðslumaður sér um rekstur mötuneytis Hrafnagilsskóla. Innheimta er í höndum starfsmanna á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Mötuneytisgjöldum er skipt í fjóra jafna hluta og sendir út greiðsluseðlar með gjalddögum 1. sept., 1. nóv., 1. febr. og 1. apríl. Veittur er systkinaafsláttur (tvö elstu systkinin greiða fullt gjald, þriðja barn greiðir hálf gjald og ekki er greitt fyrir fleiri systkini. Gildir í grunn- og leikskóla). Gjaldskrá er að finna inni á heimasíðu skólans. Ef forföll nemenda vara lengur en tvær vikur í senn geta foreldrar sótt um að gjald fyrir hádegismat falli niður þann tíma.

Öryggismál

Skólabílar

Í skólabílanum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Samkvæmt umsögn Umferðarstofu til skólanefndar Eyjafjarðarsveitar eiga bílstjórar að minna nemendur á að nota beltin og er skylt að setja upp merki í bílanum til að minna á beltanotkun en ekki er hægt að gera kröfu til þess að bílstjóri fylgist með því hvort fyrirmælum er hlýtt. Það er því mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

Umferðargæsla

Við gangbraut á Eyjafjarðarbraut vestari á mótis við heimreið að skólanum er gangbrautarvarsla á morgnana frá kl. 8:00 – 8:15.

Öryggistæki

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera **endurskinsmerki**. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

Bífhjól

Nemendum með próf á létt bífhjól er heimilt að koma á hjólinu til og frá skóla en ekki að nota hjólið á skólatíma.

Gæsla

Utan kennslustunda eru skólaliðar við gæslu úti á skólalóð, á göngum og í félagsmiðstöð unglunga. Í löngu frímínútnum eru starfsmenn (kennarar og skólaliðar) við gæslu á skólalóð. Í búningsklefum eru starfsmenn íþróttahúss við gæslu.

Tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Skólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn á slyshadeild ef slys verður á skólatíma og tryggingar greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi.

Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða sannarlega vanrækslu af hálfu skólans.

Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd situr einn fulltrúi starfsfólks sem nefnist öryggistrúnaðarmaður og kosinn er á fyrsta starfsmannafundi skólaársins, öryggisvörður skipaður af skólastjóra og skólastjóri. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Tryggvi Jóhann Heimisson öryggistrúnaðarmaður

Davíð Ragnar Ágústsson öryggisvörður

Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri

Nefndin fundar nokkrum sinnum á ári.

Nemendaráð

Í nemendaráði sitja eftirtaldir nemendur:

Anna Hlín Guðmundsdóttir 8. bekk

Bergþór Bjarmi Ágústsson 8. bekk

Aldís Vaka Sindradóttir 9. bekk

Gottskálk Leó Geirþrúðarson 9. bekk

Eva Líney Reykjálín 10. bekk

Hinrik Örn Brynjólfsson 10. bekk

Félagslíf

Yngsta stig;

- bekkjarsamkomur einu sinni til tvisvar yfir veturinn í umsjón foreldra og
- nemendur 4. bekkjar fara í dagsferð á vordögum.

Miðstig;

- íþrótta- og leikjadagur er haldinn einu sinni til tvisvar á vetri,
- bekkjarsamkomur eru einu sinni til tvisvar yfir veturinn í umsjón foreldra og
- nemendur 7. bekkjar fara í fimm daga dvöl í skólabúðunum að Reykjum í Hrutafirði.

Unglingastig;

- unglíngastig fer í bæjarferð í desember,
- hátíðarkvöldverður og ball kvöldið fyrir litlu jólin,
- nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag að vori í fjóra daga,
- bekkjarsamkomur eru haldnar einu sinni til tvisvar yfir veturinn en
- að öðru leyti er félagslíf á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

Á vegum félagsmiðstöðvarinnar Hyldýpis

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er Ingibjörg Isaksen. Hún í samráði við nemendaráð og skólastjórnendur mótar tómstundastarfið. Þessir þættir eru uppistaðan í félagsstarfinu:

- Ópið hús er haldið að meðaltali þrisvar í mánuði.
- Kvöldskemmtanir a.m.k. 4 skipti yfir skólaárið.
- Klúbbastarf sem stendur yfir í nokkrar vikur á hvorri önn.

Fulltrúar unglíngastígs í nemendaráði halda fund að meðaltali einu sinni í mánuði ásamt forstöðumanni félagsmiðstöðvar. Hlutverk þeirra er að taka þátt í skipulagi tómstundastarfsins og koma sjónarmiðum nemenda á framfæri.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag innanlands í maí. Skólinn greiðir fyrir fararstjórn kennara í fjóra daga.

Ákvörðun um hvert skuli halda í skólaferðalag skal alfarið miðast við þá fjármuni sem til eru í ferðasjóði og skal kostnaður við ferðina ekki vera hærri en sjóðurinn getur greitt. Er þá átt við heildarkostnað við ferðir, fæði, gistingu og afþreyingu. Verði afgangur af ferðasjóði rennur hann til góðgerðarmála samkvæmt ákvörðun bekkjarins.

Fjáröfnun í ferðasjóð

Nemendur í 10. bekk hefja söfnun í ferðasjóð að hausti. Söfnun þeirra lýkur nokkru fyrir skólaferðalagið að vori. Söfnunin er skipulögð í samstarfi nemenda, foreldra þeirra og umsjónarkennara sem heldur utan um framkvæmdina. Ekki er hægt að ráðstafa fjármunum úr ferðasjóði nema með samþykki og vitund umsjónarkennara, nemenda og foreldra.

Foreldrafélag

Formaður Foreldrafélags Hrafnagilsskóla er Sigríður Hrefna Pálsdóttir en aðrir í stjórn eru Valur Ásmundsson, Elín Halldórsdóttir, Ingibjörg Ósk Pétursdóttir og Benjamín Örn Davíðsson.

Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán.

Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- námsstuðningi,
- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika,
- að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólstarfs,
- að vera hvetjandi og
- að vera leiðandi í uppeldi þar sem meðalvegur er milli ofríkis og afskiptaleysis.

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

Foreldrasamtöl

Að lágmarki hittast foreldrar og kennarar fjórum sinnum á vetri.

- *Námskynning að hausti.*
- *Tvö viðtöl í skóla.*
- *Kynning nemenda á námsmöppum (eða öðrum verkefnum) að vori.*

Foreldraviðtöl í skólanum eru tvisvar á skólaárinu. Það fyrra er í október og hið síðara í janúar. Viðtölin eru að jafnaði 15 - 20 mínútur að lengd. Leitast er við að raða niður viðtalstímum þannig að þeir foreldrar sem eiga fleira en eitt barn í skólanum geti komið til viðtals barna sinna í einni ferð.

Heimasíða

Á heimasíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Einnig birtast þar fréttir og myndir af skólastarfinu. Slóðin er <http://www.krummi.is>.

Kynningarfundir og bekkjarfulltrúar

Námskynningar eru haldnar með foreldrum allra að hausti. Þar eru áherslur í skólastarfi vetrarins kynntar. Á fundinum kjósa foreldrar tvo fulltrúa úr sínum hópi. Stjórn foreldrafélagsins boðar alla bekkjarfulltrúa á sameiginlegan fund. Einnig eru bekkjarfulltrúar tengiliðir umsjónarkennara við aðra foreldra ef leita þarf aðstoðar við einstakar skemmtanir eða viðburði í skólalífínu.

Mat á skólastarfi

Óskað verður eftir því við foreldra að þeir taki þátt í mati á skólastarfi með því að svara spurningum í gegnum vef.

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta. Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst um skólastarfið að jafnaði vikulega.

Viðtalstímar kennara

Kennarar hafa ekki fasta viðtalstíma heldur geta foreldrar/forráðamenn hringt á skólatíma og beðið um viðtal eða sent viðkomandi kennara tölvupóst.

Vitnisburðarblöð

Nemendur fá vitnisburðarblöð í lok haustannar og við skólaslit að vori. Vitnisburðarblöðin eru send til nemenda í pósti í lok desember en afhent á skólaslitum að vori.

Hagnýtar upplýsingar

Skólaakstur

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans. Bílstjórar hringja ekki heim ef nemandi er ekki kominn á réttum tíma að þjóðvegi og eru foreldrar hvattir til að láta bílstjórana vita ef um forföll er að ræða. Símanúmer hjá Hópfurðabílum Akureyrar er 460-7720 en símanúmer allra bíla er að finna á tímatöflu á heimasíðu skólans www.krummi.is Skólabílar bíða aldrei lengur en 10 mínútur eftir að skóla lýkur.

Allir skólabílar eru með bílbeltum í sætum og er nemendum skylt að nota þau.

Ef nemendur ætla að fara annað en heim með skólabíl er ekki hægt að treysta á að það sé hægt, þar sem bílstjórum er ekki leyfilegt að taka fleiri farþega en þeir geta tekið í sæti.

Upplýsingasími

Upplýsingar um akstur, veður og færni munu berast inn á upplýsingasíma skólans milli kl. 7:00 og 7:30 þá morgna sem tvísýnt er um veður og færð og tafir eru fyrirsjáanlegar á áætlun. Upplýsingasími skólans er **878-1603**

Frístund

Frístund er starfrækt í Hrafnagilsskóla. Þar býðst nemendum í 1.-4. bekk að dvelja frá skólalokum, sem eru kl. 14:00 alla daga, til kl 16:00. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni.

Það skal tekið fram að í frístund þarf að sækja börnin á áður ákveðnum tíma, fólk hefur ekki 15 mínútur í viðbót eins og víða tíðkast.

Tilkynna verður til ritara tilfallandi breytingar á dvalartíma t. d. ef börnin eiga að koma heim strax að skóla loknum eða eru að fara í heimsókn til annarra barna.

Eigi að breyta þeim tíma sem barnið er í frístund þarf að tilkynna það til skólaritara fyrir 25. næsta mánuð á undan í síma 464-8100 eða á nanna@krummi.is. Sé ekki haft samband er lítið svo á að um óbreyttan tíma verði að ræða.

Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega. Tímagjald er 215 kr. á klukkustund og síðdegishressing kostar 115 krónur.

Systkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og frístundar. Til að njóta afsláttarins þurfa börn að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.

Starfsmenn frístundar eru: Adda Bára Hreiðarsdóttir, Lilja Möller og Árdís Eva Skaftadóttir Hægt er að hafa samband við starfsmenn í sínum 464-8103 og 869-5807 eða senda póst á liljam@krummi.is.

Dagatal í frístund 2017-2018

22. ágúst – skólasetning, frístund lokuð.

5. sept. – útivistardagur, frístund opin.

9. okt. – starfsdagur, frístund lokuð.

10. okt. – foreldraviðtalsdagur, frístund opin frá kl. 8:00-16:00 *

27. okt. – vetrarfrí, frístund lokuð.

30. okt. – vetrarfrí, frístund lokuð.

16. nóv. (Dagur íslenskrar tungu) - frístund opin.

23. nóv. - starfsdagur, frístund lokuð.

20. des. – litlu jólin, frístund lokuð.

21. des - 1. jan., jólaleyfi, frístund lokuð.

2. jan. - starfsdagur, frístund lokuð.

24. jan. – foreldraviðtalsdagur, frístund opin frá kl. 8:00-16:00 *

14. mars – öskudagur, frístund lokuð.

15.-16. mars - vetrarfrí, frístund lokuð.

13. mars. – útivistardagur, frístund opin.

26. mars - 2. apríl – páskaleyfi, frístund lokuð.

30. apríl - starfsdagur, frístund lokuð.

4. júní – síðasti skóladagurinn, frístund opin.

5. júní – starfsdagur, frístund lokuð.

*Skrá þarf börn hjá starfsmönnum frístundar þá daga sem eru stjörnumerktir.

Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Þurfi nemendur að hafa peninga með sér í skólann eru þeir hvattir til að biðja kennara, skólaliða eða ritara að geyma þá fyrir sig og skilja aldrei eftir verðmæti í yfirhöfnum.

Farsímanotkun

Notkun farsíma er óheimil í kennslustundum án leyfis kennara. Nemendur í 1.-7. bekk sem hafa farsíma með í skólann skulu geyma þá í skólatöskum þar til skóla lýkur. Nemendur 8.-10. bekkjar mega nota símana í frímínútum og í kennslustundum með samþykki kennara. Óheimilt er að nota síma í mötuneyttissalnum, á samverustundum og í búningstökum. Ef símar eru notaðir í leyfisleysi á skólatíma hjá nemendum í 1.-7. bekk verða þeir teknir í vörslu starfsfólks þar til skóladegi lýkur.

Símtöl

Nemendur geta hringt hjá ritara ef nauðsyn krefur og foreldrar geta jafnframt komið boðum til barna sinna hjá ritara.

Heimsóknir eftir skóla

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi foreldra **áður** en þeir koma í skólann.

Fatnaður og óskilamunir

Áríðandi er að merkja vel skólatöskur, skó, föt, íþróttafatnað og handklæði. Óskilamunir eru geymdir í kössum á yngsta stígs gangi og eru foreldrar hvattir til að leita þar ef þeir sakna einhvers. Óskilamunir tengdir íþróttum eða sundi eru hjá starfsfólki Íþróttamiðstöðvar.

Nokkrum sinnum á ári eru óskilamunir lagðir fram til sýnis í skólanum s.s. á foreldraviðtalsdögum, Degi íslenskrar tungu og við skólaslit að vori og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að huga þar að munum barna sinna.

Forföll kennara

Reynt er að útvega kennara í forföllum. Ekki er hægt að reikna með að það takist í öllum tilvikum, enda er fyrirvari oft skammur. Ef fella þarf niður kennslu hjá yngri nemendum og skólabílar aka fyrr heim er gengið úr skugga um hvort einhver sé heima áður en þeir eru sendir heim.

Forföll nemenda

Veikindi og forföll skal tilkynna að morgni til skrifstofu skólans eða með því að senda veikindatilkynningu í gegnum mentor. Jafnframt eru foreldrar beðnir um að láta skólabílstjóra vita. Þegar nemendur koma í skólann að nýju eftir veikindi þurfa þeir að hafa heilsu til að taka þátt í öllu skólastarfi samkvæmt stundaskrá og til að vera úti í frímínútum.

Nemendaleyfi eru veitt til nauðsynlegra erinda. Mælst er til þess að leyfisbeiðnum sé haldið í lágmarki, jafnframt eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að fara fram á þær með góðum fyrirvara sé þess nokkur kostur. Foreldrar sækja skriflega um leyfi hjá skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra ef óskað er eftir leyfi meira en tvo daga, annars nægir að fá leyfi hjá umsjónarkennara eða ritara. Eyðublað fyrir óskir um leyfisveitingu er að finna á heimasíðu skólans www.krummi.is

Í 15. grein grunnskólalaga frá 1. júlí 2008 er kveðið á um slík leyfi:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Nesti

Öllum er það nauðsynlegt að fá hressingu í skólanum og er þá annað hvort hægt að hafa með sér nesti eða vera í ávaxtaáskrift í skólanum. Einnig stendur nemendum til boða að fá sér vatns- eða mjólkurglas. Mikilvægt er að nestið sé hollt, t.d. smurt brauð, ávöxtur eða grænmeti. Kökur, sætt kex

og sætir drykkir eru ekki leyfðir. Þó geta kennarar gert undantekningu á því við sérstök tilefni. Gosdrykkir og orkudrykkir eru aldrei leyfðir í skólanesti.

Opnun skóla

Skólahúsið er opið frá klukkan 7:30 og skólaliðar annast gæslu frá kl. 8:00 þar til kennsla hefst klukkan 8:15.

Óveður eða ófærð

Sú meginregla er höfð að leiðarljósi að aflýsa ekki skólanum vegna veðurs eða ófærðar. Þurfi hins vegar að fella niður skólahald vegna veðurs eða ófærðar er það tilkynnt á heimsíðu skólans www.krummi.is og tilkynning send foreldrum/forráðamönnum í gegnum mentor. Upplýsingar eru lesnar inn á upplýsingasíma skólans 878-1603 um leið og upplýsingar berast inn á heimsíðuna. Veður og færð getur verið mjög mismunandi í Eyjafjarðarsveit. Í hluta sveitarinnar getur verið ferðaveður á meðan ekki er um það að ræða annars staðar. Það er foreldra að meta hvort þeir sendi börn sín í skóla og eru þeir beðnir að tilkynna það ef þeir telja nauðsynlegt að halda börnunum heima. Þurfi að senda nemendur fyrr heim vegna veðurs eða veðurspár er gengið úr skugga um að foreldrar nemenda fái vitneskju um það.

Námsgögn og skólabækur

Nemendur fá öll námsgögn og allar námsbækur í skólanum foreldrum að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að nemendur fari vel með allar bækur og öll námsgögn. Verkefnabækur fá nemendur til eignar en lesbækur eru notaðar á milli ára.

Skólahúsnæði

Hver bekkur hefur sína heimastofu, 8. – 10. bekkur á neðri hæð íþróttahúss, 1. - 4. bekkur í suðurálmú og 5.- 7. bekkur í miðju hússins. Þar eru einnig skrifstofur, vinnurými kennara, kaffistofa starfsfólks og textílmenntstofa. Á neðri hæð íþróttahúss er tölvustofa, myndmenntastofa, bókasafn og félagsmiðstöð unglinga. Að auki er kennt í íþróttahúsi og sundlaug. Tónmenntastofa og heimilisfræðistofa eru á jarðhæð í vesturálmú heimavistarhúss ásamt sérdeild stúlkna frá Laugalandi og frístund. Smíðar eru kenndar í kjallara norðurálmú heimavistarhúss.

Skólalóð

Leiksvæði nemenda er kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara.

Skrifstofa

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:50 – 16:00 mánud. – fimmtud. en til kl. 15:00 á föstudögum.

Útivist og klæðnaður

Nemendur í 1. - 7. bekk skulu fara út í frímínútur daglega. Kennsla fer stundum fram utan dyra, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brýnt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi.

Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur skólans er Þorgerður Hauksdóttir. Hjúkrunarfræðingur er við miðviku- og föstudaga kl. 8:00 – 13:00. Starfshlutfall hjúkrunarfræðings er 27%.

Skólalæknir er Þorgils Sigurðsson og er hann til viðtals í samráði við skólahjúkrunarfræðing.

Móttöku- og tilfærsluáætlun

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðað í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst að hausti. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum.

Í leikskólanum Krummakoti er unnið í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum verkefnum í elsta árgangi leikskóladeildar og yngstu nemendum grunnskóladeildar Hrafnagilsskóla.

Að hausti er foreldrum nýrra nemenda boðið á kynningarfund í skólanum.

Rýmingaráætlun

Í Öryggisráði sitja Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri, Davíð Ragnar Ágústsson umsjónarmaður fasteigna Eyjafjarðarsveitar og Tryggvi Jóhann Heimisson öryggisfulltrúi skólans.

Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaráæfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári.

Samstarfsaðilar

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Í tónlistarskólanum er boðið upp á kennslu á flestöll algengustu hljóðfæri. Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að nemendur sækja tónlistartíma á skólatíma og eru þá teknir út úr tímum.

Tónleikar eru fastur þáttur í starfsemi skólans og hver nemandi kemur minnst tvisvar fram á hverjum vetri. Einnig eru dvalarheimili aldraðra heimsótt og nemendur taka þátt í athöfnum í kirkjum á svæðinu auk margs annars. Tónlistarnemar koma auk þess fram á samverustundum.

Kennslan miðast við að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og er námsefnið þannig valið að hver og einn geti leikið sér og öðrum til ánægju og þroski jafnframt hæfileika sína og víkki sjóndeildarhringinn.

Sími skólans er 464 8110 og farsími skólastjóra er 868 3795.

Netfang skólans er te@krummi.is

Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar

Hrafnagilsskóli er í góðu samstarfi við Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar. Sameiginleg afnot eru af íþróttasal, búningsklefum og sundlaug. Starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar sjá um gæslu í búningsklefum fyrir og eftir íþróttatíma og sund.

Ungmennafélagið Samherjar

Ungmennafélagið Samherjar sér um skipulagðar íþróttáæfingar og eru þær tímasettar í beinu framhaldi af skóladegi ef hægt er annars seinna að deginum. Reynt er að skapa samfelldan viðverutíma.

Heimasíða Samherja er <http://www.samherjar.is>.

Í 33. grein grunnskólalaga um tómsundastörf og lengda viðveru segir:

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómtunda- og félagsstarfi. Tómtunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Leikskólinn Krummakot

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Hrafnagilsskóla hafa verið í leikskólanum Krummakoti. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla.

Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik. Stjórnendur skólanna, umsjónarkennari 1. bekkjar og leikskólakennarar skipuleggja samstarfið ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í leikskólanum og úti við í nágrenni skólanna. Jafnframt fá verðandi 1. bekkjar kynningu á húsakynnum skólans. Börn sem ekki eru í leikskólanum en eiga að hefja skólagöngu árið eftir eiga þess kost að taka þátt í þessu starfi.

Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla 2017 – 2018

Október – nemendur 1. bekkjar fara í heimsókn í Krummakot og leika úti á leiksvæði.

Nóvember – nemendur 1. bekkjar fara í heimsókn í leikskóla og taka þátt í hópastarfi með elstu deild.

16. nóvember – leikskólanemendum boðið á sýningu e.h. á Degi íslenskrar tungu.

Nóvember – nemendur 7. bekkjar hefja undirbúning fyrir upplestrarkeppnina. Þeir skiptast á að fara í leikskólann og lesa fyrir leikskólanemendum frama á vor.

Desember – nemendur 1. bekkjar og elstu leikskólabörnin skiptast á jólakortum.

Desember – nemendur 6. bekkjar aðstoða leikskólanemendur við jólföndur í leikskólanum.

Janúar – samstarfsverkefni 1. bekkjar og elstu nemenda hefst. Það er unnið í anda Söguaðferðarinnar.

Að vori – elstu leikskólanemendur fara í heimsóknir í Hrafnagilsskóla, m.a. fara þeir í hádegismat í mötuneyti, fara í frístund/tómtundahringekju og leika á skólalóðinni.

Framhaldsskólar

Reglulega fara fram kynningar á framhaldsskólum á svæðinu fyrir nemendur á unglíngastigi.

Nemendum 9. bekkjar fara að vori í heimsókn í Verkmenntaskóla Akureyrar. Nemendum 10. bekkjar fara í heimsókn í Menntaskólann á Akureyri að hausti. Í skólunum fá nemendur kynningu á skólastarfinu og ganga um skólabyggingarnar. Fulltrúar Menntaskólans á Laugum og Menntaskólans á Tröllaskaga halda reglulega kynningar á skólastarfi sínu á samverustund unglíngastigsins.

Aðrir samstarfsaðilar

Slökkvilið Akureyrar kemur í desember með eldvarnafræðslu í 3. og 7. bekk.

Hjálparsveitin Dalbjörg kemur að fræðslu um öryggismál. Einnig hefur hjálparsveitin fært nemendum endurskinsmerki á haustin.

Sérfræðipjónusta

Í gildi er samningur Eyjafjarðarsveitar við Akureyrarbæ um þjónustu og ráðgjöf við grunn- og leikskólann. Í þeim felst sérkennslu- og sálfræðiráðgjöf vegna einstakra nemenda. Í 40. grein

grunnskólalaga segir: *Sérfræðipjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.*

Símenntunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 120 - 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Skólaárið 2017 - 2018

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár. Unnið með hæfniviðmið námsgreina og námsmat í gegnum nýtt viðmót í mentor. Vinnan er unnin í áætlanagerð og á kennarafundum.

Menntabúðir, skóli til framtíðar haldnar í Naustaskóla 15. ágúst. Kennarar sækja málstofur og einnig verða erindi frá Hrafnagilsskóla. Erindin eru: Að efla málsþroska nemenda og kennsla í gegnum google classroom.

Tölvur og upplýsingamennt/Eymennt. Skólinn er í samstarfi við nokkra aðra skóla um endurmenntun fyrir kennara og fékkst styrkur úr Endurmenntunarsjóði til að standa straum að kostnaði. Menntabúðir Eymennt um tölvu- og upplýsingamennt haldnar sex sinnum yfir árið.

List- og verkgreinar/Eylist. Skólinn í samstarfi við nokkra aðra skóla skipuleggur endurmenntun fyrir kennara og fékkst styrkur úr Endurmenntunarsjóði til að standa straum að kostnaði. Lögð er áhersla á list- og verkgreinar með það í huga að kennarar kenni kennurum ýmis verkefni og handverk sem einnig er hægt að nýta í almennri bekkjarkennslu. Menntabúðir Eylistar eru haldnar þrisvar sinnum yfir árið. Einnig verður list- og verkgreinakennurum boðið upp á námskeið í margvíslegri verkkunnáttu.

Byrjendalæsi. Kennarar yngstu bekkja sækja námskeið og smiðjur í Háskólann á Akureyri um lestrarkennsluáðferðina, Byrjendalæsi.

Skólaliðar: Námskeið á vegum Símeý um sálfræðigreiningar og samskipti á vinnustað, haldin 17. ágúst.

Námskeið í **Jákvæðum aga** fyrir nýtt starfsfólk 17. ágúst.

Lærdómssamfélagið Hrafnagilsskóli. Skólaþróun. Unnið með stefnu og sýn skólans, samstarfsmenningu með áherslu á nám nemenda. Allir kennarar vinna í teymum, bæði á sínu stigi og í einu fagteymi. Fræðandi fimmtudagar þar sem kennarar kenna kennurum og einnig menntabúðir í upplýsinga og tæknimennt innan Hrafnagilsskóla einu sinni í mánuði.

Útikennslusvæðið Aldísarlundur: Unnið að sameiginlegum kennsluhugmyndabanka fyrir Hrafnagilsskóla.

Heilsueflandi grunnskóli. Unnið að nemendastoðinni. Meginmarkmið heilsueflandi grunnskóla er að stuðla að góðum skólabrag og hafa jákvæð áhrif á lífshætti, heilsu og velferð nemenda.

Námsspil í skólastarfi. 2. janúar 2018. Elva Ólafsdóttir sérkennari kennir kennurum spil sem hægt er að nota í kennslu.

Growth mindset. Áhugasamur hópur kennara er farinn af stað að kynna sér hugmyndafræði growth mindset með það í huga að nýta í kennslu og vinnu með börnum.

Leshringur um jákvæðan aga og fleira. Hópur áhugasamra kennara hittist sex sinnum yfir veturinn eftir skólatíma og ræðir um ákveðið lesefni.

Skólanefnd

Skólanefnd Eyjafjarðarsveitar fer með málefni Hrafnagilsskóla. Í nefndinni sitja fimm aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn fulltrúi kennara grunnskólans og einn til vara sem kosnir eru til eins árs í senn á fyrsta kennarafundi skólaársins og einn fulltrúi foreldra og annar til vara sem skipaðir eru af stjórn foreldrafélags Hrafnagilsskóla. Áheyrnarfulltrúar leikskólans eru tveir þ.e. fulltrúi starfsfólks sem kosinn er á starfsmannafundi og einn til vara og fulltrúi foreldrafélags leikskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Í skólanefnd sitja:

Sigmundur Guðmundsson formaður.

Hólmgeir Karlsson.

Þór Hauksson Reykdal.

Beate Stormo.

Lilja Sverrisdóttir.

Auk þeirra starfar skólastjóri Hrunn Hlöðversdóttir með nefndinni. Fulltrúar kennara og foreldra leik- og grunnskólans hafa rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara Hrafnagilsskóla er Hans Rúnar Snorrason og varamaður er Elva Díanna Davíðsdóttir. Fulltrúi foreldrafélagsins er Valur Ásmundsson.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og er ráðið skipað 9 fulltrúum skólasamfélagsins. Hlutverk þess er að vera umsagnaraðili um starfsáætlanir skólans, koma að stefnumótun skólastarfsins og fylgjast með framkvæmd þess. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um meiri háttar breytingar sem fyrirhugaðar eru á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.

Í skólaráði sitja:

Adda Bára Hreiðarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Eva Líney Reykdal 10. bekk, fulltrúi nemenda.

Gottskálf Leó Geirþrúðarson, 9. bekk, fulltrúi nemenda.

Hrunn Hlöðversdóttir, skólastjóri.

Margrét Aradóttir fulltrúi annars starfsfólks.

Dagmar Þóra Sævarsdóttir, kennari.

María Gunnarsdóttir, kennari.

Valur Ásmundsson, fulltrúi foreldrafélags.

Helga Berglind Hreinsdóttir, fulltrúi foreldra.

Áætlun um innra mat

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum.

Á skólaárinu 2017 – 2018 verða eftirfarandi áhersluatriði til skoðunar í innra mati.

Umbótaáætlun um innra mat er tilbúin og má finna inn á heimasíðu skólans. Áætlunin helst í

hendur við áherslupætti í skólaþróun hverju sinni. Sjálfsmatsskýrsla er unnin ár hvert og birt á heimasíðu.

Umbótaáætlun skiptist niður í fjóra hluta:

I hluti – Starfshættir og stjórnun

1. Endurgjöf stjórnenda.
2. Skipurit.
3. Gildi skólastarfsins.
4. Jafnréttisáætlun.
5. Skólareglur.
6. Meðferð upplýsinga.
7. Námsvísar.

II hluti – Nám og líðan

1. Að skoða líðan nemenda út frá könnunum í Skólapúlsinum.
2. Að huga að líðan starfsfólks og skoða útkomu Skólapúlsins.

III hluti – Skólaþróun

1. Útiskóli.
2. Tölvur og tækni.
3. Læsisstefna.
4. Heilsueflandi grunnskóli.

IV hluti – Grunnþættir menntunar

1. Sjálfbærni.
2. Lýðræði og mannréttindi.